

Nr. 009 / 09 Stafnes KE 130**Vélarbilun**

Skipaskr.nr. 964
Smíðaður: Trondheim Noregi 1964
Stærð: 165,6 brl. 257,1 bt.
Mesta lengd: 33,22 m Skráð lengd: 29,57 m
Breidd: 6,9 m Dýpt: 5,88 m
Vél: Callesen 589 kW, 1982
Fjöldi skipverja: 11



Stafnes ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. febrúar 2009 var Stafnes KE 130 við bryggju í Grindavík.

Skipverjar voru að undirbúa brottför og búið að gangsetja aðalvél. Skyndilega fór vélin á yfirsúning og vélstjórnarnir gátu ekki stöðvað hana nema með því að loka fyrir olíustreymi að henni.

Við rannsókn kom fram:

- að olíudæla festist í fullri innngjöf;
- að olíudælan var jafngömul vélinni (1982) en hafði nokkrum sinnum verið tekin upp og stillt. Þetta hafði ekki verið gert með reglulegum hætti heldur þegar þörf var talin á vegna bilunar. Ekki var vitað hvenær hún var síðast yfirfarin eða stillt fyrir atvikið;
- að skipt var um allt innvols dælunnar eftir atvikið;
- að vegna atviksins þurfti að taka aðalvélinu upp og í ljós kom að sveifarásinn og fleiri hlutar höfðu eyðilagst. Skipið var frá veiðum í um 10 vikur vegna þess.

Nefndarálit:

Orsök þess að vélin fór á yfirsúning var bilun í olíudælu.